



Borgarráð

**Efni: Svar við fyrirspurn um áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um innheimtuaðgerðir borgarinnar**

Á fundi borgarráðs þann 16. maí 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um innheimtuaðgerðir borgarinnar. Fyrirspurnin er tvíþætt og er merkt hér sem a) og b) liður.

- a) *Í hvaða ferli fara skuldir fyrirtækja við Reykjavíkurborg? Fara þær í sama innheimtuferli sem á við þegar um er að ræða einstaklingsskuldir borgarbúa við Reykjavíkurborg, þ.e.a.s. inn á borð Momentum og Gjaldheimtunnar? Reiknast sömu dráttarvextir á vanskil fyrirtækja og einstaklinga?*
- b) *Er það rétt skilið að fyrrum tónleikahaldarar Secret Solstice hafi staðið í skuld við Reykjavíkurborg en að nýjir tónleikaaðilar sem nú sjái um tónlistarhátíðina, taki að sér þá skuld? Afhverju lendir sú skuld ekki á fyrri aðila sem stóð í skuldum við borgina?*

**Svar:**

- a) Kröfur á fyrirtæki sem eru stofnaðar í banka fá allar sömu meðferð samkvæmt innheimtuleglum borgarinnar. Í undantekningartilvikum eru kröfur ekki stofnaðar í banka t.d. vegna sölu fasteigna en þá fara greiðslur fram beint á milli aðila en ekki í hefðbundið innheimtuferli. Þær kröfur sem einungis eru skráðar í fjárhagskerfi borgarinnar en ekki eru stofnaðar í banka fara því ekki í sjálfkrafa innheimtuferli óháð því hvort um einstaklinga eða fyrirtæki er að ræða. Innheimtufyrirtækin Momentum ehf. og Gjaldheimtan ehf. sinna milli- og löginneimtu í samræmi við innheimtuleglur borgarinnar<sup>1</sup>, sbr. lög nr. 95/2008. Sömu dráttarvextir reiknast á allar kröfur óháð því hvort þær stofnast á fyrirtæki eða einstaklinga skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.
- b) Fyrrum tónleikahaldari Secret Solstice (Solstice Productions kt. 440299-2969) var í skuld við Reykjavíkurborg. Í dag hefur verið stofnað nýtt félag (Lifandi viðburðir 550818-1240) sem sér um reksturinn á hátíðinni árið 2019. Samningur var gerður við núverandi rekstraraðila um yfirtöku á skyldum fyrrum rekstraraðila. Í þeim samningum sem gerðir voru við nýjan rekstraraðila skuldbindur félagið Lifandi viðburðir sig til að gera upp eldri kröfur frá félaginu Solstice Productions.

Halldóra Káradóttir  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

<sup>1</sup> Sjá vefslóð: [https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol\\_thjonustulysingar/fms-ste-011\\_innheimtuleglur\\_2.2.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/fms-ste-011_innheimtuleglur_2.2.pdf)